



Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Náttúrufræði 3. bekkur

Kennarar: Þórey

Megintilgangur náms í náttúrugreinum er að nemendur öðlist þekkingu, leikni og viðhorf sem nýtast þeim til að skilja náttúruna, tæknina og samfélagið og læri að beita þeirri þekkingu á ábyrgan, gagnrýnn og skapandi hátt. Námið á að vekja forvitni, styrkja sjálfstæða hugsun og efla færni til að greina, íhuga og miðla því sem nemendur sjá og upplifa í umhverfi sínu. Þeir eiga að læra að skoða náttúruna af virðingu, nýta heimildir og athuganir, þjálfra verklega færni og temja sér góð vinnubrögð. Kennslan á að miða að því að nemendur verði vísindalæsir, geti tengt hugtök við eigin reynslu og notað þau til að taka upplýstar ákvarðanir um málefni sem snerta náttúru og samfélag. Námið á að byggja á samfelldri og samþættri heild þar sem nemendur fá að læra með því að upplifa, skoða, ígrunda og framkvæma.

[Aðalnámskrá grunnskóla - Náttúrugreinar](#)

Meginviðfangsefni

Vatn, loft og hljóð, fuglar og villt spendýr.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Unnið verður eftir aðferðum [leiðsagnarnáms](#) sem felur m.a. í sér að endurgjöf er veitt jafnt og þétt til nemenda á meðan verkefnavinnu stendur, nemendur vinna með námsfélögum og eru meðvitaðir um viðmið um árangur.

Áhersla verður lögð á fjölbreytta kennsluhætti.

Námsgögn

- Halló heimur 2
- Fuglavefurinn
- Litla fólkið og stóru draumarnir Greta Tunberg

Námsmat

Fjölbreytt og sveigjanlegt námsmat.